

1861. Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar
5. júlím. og til auglýsingar.

5. júlím. 37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um kostnað við að senda fanga til átt-
haga sinna.

Með því amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir færzt undan að láta eptir tilmælum yðar borga úr hlutaðeiganda sveitarsjóði 13 rdl. 48 sk., til að endurgjalda lögreglusjóði Kaupmannahafnar kostnað, er reis af því, er leystur fangi, Jónas Sigfússon, var sendur til átt Haga sinna á Íslandi árið 1859, er amtmaður hélt að kostnað þenna bæri að greiða úr dómsmálasjóði Íslands, þá hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 21. marzmánaðar, er síðast leið, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort dómsmálasjóðurinn eigi ekki að vera laus við kostnað þenna, og hvort eigi beri að greiða hann á þann hátt, sem að undanfögnu hafi tíðkazt í suðurumdæminu, þegar um þess konar gjöld hefir verið að ræða, en það er á þann hátt, að hann sé greiddur af framfærslusveit þess, er hlut á að máli.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér hlutist til um það, er þarf í því efni, að þareð það er ákveðið í kanselfbréfi 6. nóvemberm. 1845, að greiða skuli fyrst um sinn úr dómsmálasjóði Íslands kostnað, er rís af því, að afbrotamenn, sem búið er að láta lausa, eru sendir til átt Haga sinna á Íslandi, þá ber að greiða úr sjóði þessum kostnað þann, er reis af heimför Jónasar Sigfússonar, og hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um þetta efni.

5. júlím. 38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um skil fyrir láni,
er veitt var Skagafjarðarsýslu.

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra amtmaður, 18. febrúarm., er síðast leið, hefir Eggert Briem, sýslumaður í

Skagafjarðarsýslu, sótt um uppgjöf á 80 ríkisdöllum afláni því, 1861.
 5,400 rdl. að upphæð, er veitt var sýslu þessari í fjárukalögum 5. júlím.
 31. marzm. f. á., til að varna hallæri, er menn báru kvíðboga fyrir; svo hefir hann og spurt um, hvort búast mætti við, að veitt yrði nokkuð lengri umlíðun um lán þetta, en ákveðið var, sökum þess hvað sumar sveitir seú fátækar.

Í þessu efni se yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það Briem sýslumanni, að uppgjöf sú, sem sótt var um, ekki verður veitt, og að dómsmálastjórnin eigi heldur sér sér fært að útvega lengri umlíðun um lánið, en þegar var ákveðið, þá er það var veitt; vonast því stjórnarráðið eptir, að þér, herra amtmaður, látið yður vera umbugað um, að þeir skilmálar, er lánið var bundið, og skýrt er frá í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. aprílm. f. á., verði nákvæmlega haldnir.

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir- 9. júlím. valdanna á Íslandi, um gjöf Kelsalls til bókhlöðu- byggingar.

Með bréfum, dagsettum 27. ágústm. f. á. og 8. maím., er síðast leið, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, sent hingað, að undirlagi stjórnarráðsins, uppdretti nokkra og áætlanir um bókhlöðuhús það, sem í ráði er að byggja í Reykjavík fyrir fè það, er Charles Kelsall, Englend-ingur, gaf eptir sinn dag í því skyni, en það er að upphæð 7,350 rdl. 42 sk.; svo hafið þér og sent áætlun um, hvað kostnaðurinn mundi verða mikill, ef farið væri eptir uppástungu þeirri, sem gjörð hefir verið um, að bókhlöðuhúsið se haft svo stórt, að prestaskólinn einnig geti fengið þar húsnæði.

Af áætlunum þeim, er þér hafið sent, má sjá, að þó að-eins verði byggt bókhlöðuhús, og ekkert tillit haft til presta-skólans, og þó treysta mætti áætlunarreikningum Odds heitins snikkara Guðjónssonar, þar sem það þó virðist vafasamt hvort þeir reikningar seú áreiðanlegir, með því þeir eru byggðir á